



HRUNAMANNAHREPPUR

10. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILÍÐ 2022 – 2026

16. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2022, þann 17. nóvember kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Ragnhildur Stefanía Eypórsdóttir í forföllum Herberts Haukssonar, Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir. Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri, sem skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram. Oddviti lagði fram tillögu um breytingu á dagskrá þannig að minnisblað til sveitarstjórnar varðandi Hrunamannaveg 3 yrði tekið til afgreiðslu. Sveitarstjórn samþykkir að við dagskrána bætist liður 21 – Minnisblað frá oddvita og sveitarstjóra um Hrunamannaveg 3. Tölusetning annarra liða breytist til samræmis við þetta.

Dagskrá:

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

1. Fundargerð 248. fundar skipulagsnefndar frá 1. nóvember sl. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 19. október sl.

Lögð fram fundargerð 248. fundar skipulagsnefndar frá 1. nóvember sl. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 19. október sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

Mál nr. 26. Syðra-Langholt 4: Umsókn um byggingarheimild; vélageymsla.

Fyrir liggur ný umsókn Helga Kjartanssonar fyrir hönd Foldvegar ehf., móttekin 17.11.2020, um byggingarheimild til að byggja vélageymslu 420 fm á jörðinni Syðra-Langholt 4 L166821 í Hrunamannahreppi. Málið var grenndarkynnt 17.11. – 17.12.2020 og bærust engar athugasemdir við kynningu málsins á þeim tíma. Þar sem lengra en ár er liðið frá samþykkt sveitarstjórnar vegna málsins er það tekið til afgreiðslu á nýjan leik í samræmi við 5.9.5.gr. skipulagsreglugerðar. Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa. Komi til frekari framkvæmda innan jarðarinnar mælist nefndin til þess að unnið verði deiliskipulag fyrir svæðið.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa. Komi til frekari framkvæmda innan jarðarinnar mælist sveitarstjórn til þess að unnið verði deiliskipulag fyrir svæðið.

Mál nr. 35. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 19. október sl.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 19. október sl.

2. **Fundargerð 249. fundar skipulagsnefndar frá 9. nóvember sl. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 2. nóvember sl.**

Lögð fram fundargerð 249. fundar skipulagsnefndar frá 9. nóvember sl. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 2. nóvember sl.

3. **UTU bs.: Fundargerð aðalfundar frá 1. nóvember sl.**

Lögð fram fundargerð aðalfundar UTU bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

4. **UTU bs.: Fundargerð 96. fundar stjórnar frá 9. nóvember sl.**

Liður 1: Fjárhagsáætlun UTU bs fyrir árið 2023 þarfnast staðfestingar.

Lögð fram fundargerð 96. fundar stjórnar UTU bs.

Sveitarstjórn samþykkir fjárhagsáætlun UTU fyrir árið 2023 eins og hún er lögð fram undir lið 1 í fundargerðinni.

5. **Seyrustjórn: Fundargerð 5. fundar frá 20. september sl.**

Oddviti kynnti fundargerð 5. fundar Seyrustjórnar.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

6. **Seyrustjórn: Fundargerð 6. fundar frá 18. október sl.**

Oddviti kynnti fundargerð 6. fundar Seyrustjórnar.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

7. **Seyrustjórn: Fundargerð 7. fundar frá 7. nóvember sl.**

Oddviti kynnti fundargerð 7. fundar Seyrustjórnar.

Sveitarstjórn samþykkir fjárhagsáætlun verkefnisins fyrir árið 2023 eins og hún er lögð fram undir lið 2 í fundargerðinni en gjaldskráin sem hér um ræðir verður lögð fram með öðrum gjaldskráum Hrunamannahrepps á næsta fundi.

Erindi til sveitarstjórnar:

8. **Bréf frá Innviðaráðuneytinu frá 2. nóvember 2022.**

Lagt fram bréf frá Innviðaráðuneytinu þar sem vakin er athygli á því að birt hefur verið í samráðsgátt stjórnvalda frumvarp til breytinga á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga. Tilgangur frumvarpsins er að leggja til lágmarksbreytingar á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga og öðrum lögum sem miða að því að færa innheimtu meðlaga frá sveitarfélögum til ríkisins.

Lagt fram til kynningar.

9. **Bréf frá Innviðaráðuneytinu frá 7. nóvember 2022.**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Innviðaráðuneytinu um áform um lagabreytingar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Lagt fram til kynningar.

10. **Bréf frá Innviðaráðuneytinu frá 9. nóvember 2022.**

Lagt fram boðsbréf frá Innviðaráðuneytinu þar sem kjörnum fulltrúum og starfsfólki sveitarfélaga er boðið til fræðslufundar um hinsegin málefni. Samtökin '78 sjá um fræðsluna en markmiðið er að auka þekkingu sveitarstjórnarfólks á réttindum og félagslegri stöðu hinsegin fólks. Verkefnið er liður í aðgerðaáætlun í málefnum hinsegin fólks fyrir árin 2022-2025.

Sveitarstjórn samþykkir að senda kjörnum fulltrúum í nefndum sem og stjórnendum erindið og hvetja til þátttöku sem flestra í fræðslufundunum.

11. **Bréf frá Umhverfisstofnun frá 1. nóvember 2022.**

Lagt fram bréf frá Umhverfisstofnun þar sem óskað er eftir tilnefningu fulltrúa og annars til vara sem og fulltrúa umhverfisnefndar Hrunamannahrepps í

vatnasvæðanefnd í samræmi við lög nr. 36/2011 og reglugerð nr. 935-2011 um stjórn vatnamála.

Sveitarstjórn skipar Daða Geir Samúelsson sem aðalmann í nefndina og Herbert Hauksson sem varamann hans. Einnig verði formaður Umhverfisnefndar fulltrúi sveitarfélagsins í nefndinni: Brynja Sólveig Pálsdóttir.

12. Bréf frá Stígamótum frá 31. október 2022.

Lagt fram bréf frá Stígamótum með beiðni um framlags til starfsemi Stígamóta árið 2023.

Sveitarstjórn samþykkir að styðja samtökin um kr. 50.000,- á árinu 2023.

13. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 7. nóvember 2022.

Lagt fram bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þar sem óskað er eftir áhugasömum sveitarfélögum til þátttöku við að móta aðferðafræði fyrir sveitarfélög til þess að bregðast við afleiðingum loftslagsbreytinga.

Lagt fram til kynningar.

14. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 7. nóvember 2022.

Lagt fram bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga til kynningar á Evrópsku Nýtnivíkunni sem haldin verður 19.-27. nóvember n.k. en markmið vikunnar er að hvetja til aukinnar nýtni og draga úr myndun úrgangs. Þema vikunnar í ár eru föt og annar textíll undir slagorðinu „Sóun er ekki lengur í tísku!“.

Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að kynna nýtnivíkuna fyrir fulltrúum í Umhverfisnefnd sem og stjórnendum og hvetja til þess að unnin verði verkefni tengd málefningu á þessum tíma.

15. Bréf frá Foss stéttarfélagi frá 14. nóvember 2022.

Lagt fram bréf frá Foss stéttarfélagi varðandi kosningu á Sveitarfélagi ársins 2022. Þar er tilkynnt að framvegis verði kosning á sveitarfélagi ársins árlegur viðburður.

Lagt fram til kynningar.

16. Bréf frá Baseload Power frá 3. nóvember 2022.

Lagt fram erindi frá Baseload Power Iceland, dags. 3.11.2022, varðandi nýtingu jarðvarma í uppsveitum Árnassýslu.

Í erindinu er óskað eftir fundi með fulltrúum Bláskógabyggðar og Hrunamannahrepps á næstu vikum vegna hugmynda um orkuöflun og lagningu hitaveitu. Sveitarstjórn felur veitustjóra, oddvita og sveitarstjóra að sækja umræddan fund.

17. Bréf frá stjórn 60plús Laugardal frá 3. nóvember 2022.

Lagt fram bréf frá stjórn 60plús Laugardal vegna vöntunar á dvalarheimili aldraðra í uppsveitum Árnassýslu.

Lagt fram til kynningar.

18. Minnisblað frá Consello frá 14. nóvember 2022.

Lagt fram minnisblað frá Consello varðandi váttryggingaútböð og yfirferð á váttryggingum Hrunamannahrepps og tengdra aðila. Útböðsgögn samanstóðu af útböðslýsingu, tilboðsskjali og svörum við fyrirspurnum. Útböðið var auglýst á útböðsvef og heimasíðu Hrunamannahrepps. Fjögur tilboð bárust og var tilboð frá Verði lægst þeirra.

Greidd iðgjöld til tryggingafélags árið 2022 námu kr. 8.428.244,-. Tilboð lægstbjóðanda nam kr. 4.130.909,- .

Sveitarstjórn lýsir yfir ánægju sinni með niðurstöðu útböðsins enda verður það að teljast afar góður árangur að geta með þessum hætti lækkað iðgjöld sveitarfélagsins um ríflega 50% auk þess sem váttryggingavernd var aukin til

muna. Eftir yfirferð tilboðanna er það niðurstaða ráðgjafa að tilboð Varðar uppfylli öll skilyrði útboðsins og því samþykkir sveitarstjórn að því verði tekið og felur sveitarstjóra að ganga frá samningum þar um.

19. **Minnisblað frá sveitarstjóra frá 15. nóvember 2022.**

Lagt fram minnisblað frá sveitarstjóra varðandi tillögur að nöfnum á götur í Byggð á Bríkum.

Á fundi sveitarstjórnar þann 18. ágúst s.l. var samþykkt að leita til íbúa og annarra áhugasamra og kalla eftir tillögum að nöfnum á göturnar í hverfinu sem senn rís og kallast Byggð á Bríkum. Sveitarstjórn hefur fjallað um þær tillögur að nöfnum sem bærust og þakkar kærlega öllum þeim sem tóku þátt í samkeppninni.

Sú tillaga sem hlaut flest „atkvæði“ tengist Kerlingarfjöllum á Hrunamannafrétti og hafa nöfnin beina skýrskotun til örnefna þar um slóðir.

Sveitarstjórn þakkar hjónunum í Bryðjuholti þeim Þórunni Andrésardóttur og Samúel Unnsteini Eyjólfssyni sem eiga heiðurinn af þessari hugmynd og fá þau viðurkenningu frá sveitarfélaginu fyrir hugmyndaauðgina.

Sveitarstjórn samþykkir að sú gata sem búið er að bjóða út muni heita Fannborgartangi og gatan þar á móti Ásgarðstangi. Aðalgatan niður hverfið heiti Kerlingartangi. Í framhaldinu munu aðrar götur í hverfinu raðast í stafrófsröð með örnefnum úr Kerlingarfjöllum.

20. **Umsókn um byggingarlóð: Iðjuslóð 7.**

Lögð var fram umsókn frá B.R. Sverrisson ehf. um byggingarlóðina Iðjuslóð 7.

Sveitarstjórn samþykkir að úthluta lóðinni til B.R. Sverrisson ehf, kt. 470201-2310 enda uppfylli umsækjandi skilyrði lóðaúthlutunar.

21. **Minnisblað frá oddvita og sveitarstjóra frá 16. nóvember 2022.**

Lagt fram minnisblað frá oddvita og sveitarstjóra varðandi möguleg kaup á jarðhæð og kjallara húss við Hrunamannaveg 3.

Í minnisblaðinu kemur m.a. fram að á fundi sveitarstjórnar Hrunamannahrepps þann 7. apríl sl. voru drög að leigusamningi um Hrunamannaveg 3 vegna mögulegs skrifstofuhótel í húsinu lögð fram eftir viðræður eigenda hússins og Jóns Bjarnasonar sveitarstjórnarfulltrúa. Sveitarstjórn fól þá Jóni að vinna að málinu áfram og kanna mögulegar útfærslur.

Viðræður hafa þróast á þann veg að eigandi Hrunamannavegar 3 hefur boðið sveitarfélaginu jarðhæð og kjallara hússins til kaups. Það sem um ræðir eru 521 fermetrar í kjallara og 712 fermetrar á jarðhæð. Húsið var byggt á árunum 2018-2019 og er því nánast nýtt og ónotað fyrir utan eitt verslunarrými sem Almar Bakari er í.

Ef samningar nást myndu kaupin fara fram á árinu 2023 og því myndi verða gert ráð fyrir fjárfestingu vegna þeirra í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir komandi ár.

Sveitarstjórn samþykkir að veita sveitarstjóra ásamt oddvita heimild til að hefja formlegar viðræður við eiganda Hrunamannavegar 3 og ef samningar nást að þá verði útbúinn kaupsamningur sem síðar verður lagður fyrir sveitarstjórn til fullnaðarafgreiðslu.

22. **Næsti fundur sveitarstjórnar.**

Sveitarstjórn samþykkir að næsti fundur sveitarstjórnar verði haldinn miðvikudaginn 30. nóvember n.k. kl. 15:30. Á móti fellur niður fyrri fundur sveitarstjórnar í desember.

Verkfundargerðir:

a. Byggð á Brikum: Verkfundargerð 1. fundar – startfundur.
Fundargerðin samþykkt.

b. Miðlunargeymir Berghylsfjalli: Verkfundargerð 19. fundar.
Fundargerðin samþykkt.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

c. Héraðsnefnd Árneseinga bs.: Fundargerð 27. fundar frá 11. október sl.
Lagt fram til kynningar.

d. Héraðsnefnd Árneseinga: Fundargerð 3. fundar framkvæmdastjórnar frá 6.9 sl.
Lagt fram til kynningar.

e. Héraðsnefnd Árneseinga: Fundargerð 4. fundar framkvæmdastjórnar frá 26.9 sl.
Lagt fram til kynningar.

f. Héraðsnefnd Árneseinga: Fundargerð 5. fundar framkvæmdastjórnar frá 4.10 sl.
Lagt fram til kynningar.

g. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 222. fundar frá 11. nóvember sl.
Lagt fram til kynningar.

Mál til kynningar:

h. Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 52. fundar stjórnar frá 21. október sl.
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:13.